

Fundargerð 192. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Fundur haldinn að Geirsgötu 9, fimmtudaginn 09. janúar 2020 kl. 14:00.

Viðstaddir: Halldór Eiríksson formaður, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Pétur Óskarsson og Dagný Arnarsdóttir.

Frá FMS: Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir og Snorri Valsson.

Dagskrá:

1. Fundargerð 191.
Fundargerð samþykkt og undirrituð.
2. Yfirferð umsókna - önnur umferð.
Farið yfir mál án ákvörðunar.
3. Annað:
 - a. Þann 6. desember sl. lagði ferðamálaráðherra fram minnisblað í ríkisstjórn þess efnis að hún hygðist leggja allt að 12. m.kr. af fjárveitingu til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða árið 2020 í umbótaverkefni við Sólheimajökul í samvinnu við hagaðila á svæðinu. Verkefnið felur í sér uppbyggingu öruggs göngustígs sem leiðir gesti staðarins að útsýnissvæði þar sem hægt er að horfa til jökuls og lóns.
 - b. Þann 6. og 7. janúar var kallað eftir frekari gögnum sem stjórn FF taldi að vantaði með þeim umsóknum sem farið hefur verið yfir, til að umsóknir teldust gildar við áframhaldandi vinnslu. Umsækjendum var gefinn kostur til 21. janúar 2020.

Næstu fundir:

16. janúar 2020
23. janúar 2020
30. janúar 2020

Fundi slitið kl. 15:15

Fundargerð ritaði: Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir

Undirskriftir stjórnarmanna

